

19. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 3. júní 2025 kl 10.30.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Bragi Þór Thoroddsen, Ástrós Þóra Valsdóttir, Finnur Ólafsson, Hulda Birna Albertsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, Matthías Lýðsson, Páll Vilhjálmsson og Þorgeir Pálsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Arnlín Óladóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð, Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf, Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfi Torfason, skipulagsfræðingur, frá VSÓ ráðgjöf.

1. Kynningartillaga vinnslutillögu svæðisskipulags
2. Kynningaráætlun endurskoðun

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar. Hún kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár.

1. Kynningartillaga vinnslutillögu svæðisskipulags

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti að samkvæmt afgreiðslu 18. fundar 26. maí hefur svæðisskipulagsnefnd samþykkt efni vinnslutillögu svæðisskipulagsins, en skipulagsráðgjöfum var falið að ganga frá greinargerð til lokaútgáfu í samræmi við umræðu á fundinum.

Uppfærð greinargerð fyrir lokaútgáfu að vinnslutillögu svæðisskipulags lögð fram til umræðu. Til máls tóku auk formanns, Matthías, Hjörleifur, Sigríður, Hulda Birna, Finnur, Herdís, Þorgeir, Aðalsteinn, Bragi og Kristján.

Hjörleifur yfirgaf fundinn undir umræðu kl 10.55.

Margrét Dögg mætti til fundar undir umræðu kl 11.00

Hrafnkell óskaði eftir í ljósi umræðu að fá heimild að uppfæra myndir og kort í vinnslutillögu. Tillagan samþykkt.

Formaður lagði fram tillögu um birtingu vinnslutillögu.

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða samþykkir að vinnslutillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 verði lögð fram í Skipulagsgátt fimmtudag 5. júní 2025 með umsagnarfresti til og með 20. ágúst 2025. Tillagan verði auglýst á heimasíðum sveitarfélaga og Vestfjarðastofu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Kynningaráætlun endurskoðun

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann vísaði til samþykktar 18. fundar svæðisskipulagsnefndar um framkvæmd á kynningu vinnslutillögu og setti fram hugmynd um breytta áætlun um kynningu vinnslutillögu.

Til máls tóku auk formanns, Finnur, Sigríður, Kristján, Hulda Birna, Ástrós og Bragi.

Formaður bar upp tillögu í ljósi umræðu á fundinum um breytta tillögun á kynningu vinnslutillögu.

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða samþykkir að fresta áður boðuðum opnum kynningarfundum vinnslutillögu sem halda átti þann 10., 11. og 12. júní n.k. samhliða birtingu vinnslutillögu í Skipulagsgátt.

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða samþykkir að efna til kynningar vinnslutillögu fyrir sveitarstjórnnum og skipulags- og umhverfisnefndum sveitarfélaganna á Vestfjörðum og fundum með Ungmennaráð Fjórðungssambands Vestfirðinga, Sóknarhópi Vestfjarðastofu, Markaðstofu Vestfjarða, Menningarráði Vestfjarða og fleiri hagaðilum sem þess óska.

Svæðisskipulagsnefnd felur einnig formanni, ráðgjöfum og starfsmönnum Vestfjarðastofu að kynna vinnslutillögu með greinarskrifum, taka upp kynningu til birtingar og gerð kynningarefnis í formi einblöðungs sem henti til dreifingar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Formaður þakkaði nefndnarmönnum og starfsmönnum öllum fyrir framlag þeirra við gerð vinnslutillögunnar.

Formaður þakkaði síðan fyrir þátttöku í fundinum og sleit fundi kl 12.00